

Fundargerð

Skólanefnd.

19. fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla 24. mars 2010 kl. 16:00.

Mætt voru Hrafnhildur Geirsdóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Eyþór Pétursson, Ásdís Jóhannesdóttir, Sigríður Sigmundsdóttir, Auður Jónsdóttir og Sólveig Jónsdóttir skólastjóri. Þóra Ottósdóttir og Tarvo Nömm komu síðar inn á fund.

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Skólastarf næsta skólaárs.

Sólveig gerði grein fyrir næsta skólaári og skipulagi (sjá meðfylgjandi fylgiskjöl).
Reiknað með 186 kennslustundamagni á viku.
Einnig var farið yfir skóladagatalið 2010-2011 og samþykkt af skólanefnd.

3. Olweuskönnunin sem gerð var 16. nóvember 2009 kom vel út hjá nemendum Reykjahlíðarskóla og virðist nemendum almennt líða vel í skólanum.
4. Gerð var grein fyrir niðurstöðu úttektar af sjálfsmataðferðum í Reykjahlíðarskóla haustið 2009. Samkvæmt viðmiðum Mennta-og menningarmálaráðuneytisins teljast sjálfsmatsaðferðir skólans ófullnægjandi. Framkvæmd sjálfsmatsaðferðarinnar telst fullnægjandi að hluta. Kennarar og skólastjóri eru ánægðir með þetta fyrsta sjálfsmat og telja það í góðum farvegi en ákveðnir þættir þarfnast lítilháttu breytinga.
5. Skólanefnd gerir ekki athugasemd við m.f. tillögu að gjaldskrárhækkun leikskólans Yls og Tónlistarskóla Mývatnssveitar sem er u.þ.b. 5% hækkun.
6. Þóra Ottósdóttir gerði grein fyrir leikskólastarfinu í vetur.
7. Tarvo Nömm mætti og gerði grein fyrir tónlistarstarfi tónlistarskólans.
8. Önnur mál.

Fram kom ósk frá nemendum að fá körfuboltaspjald á lóð skólans og vill Skólanefnd koma þessari beiðni á framfæri til sveitastjórnar.

Fundi slitið kl. 18:00

Hrafnhildur Geirsdóttir,
Steinunn Ósk Stefánsdóttir,

Eyþór Pétursson,
Ásdís Jóhannesdóttir.